

## Frá ritstjórn

Í þessu hefti eru birtar greinar með efni fyrirlestra sem haldir voru á ráðstefnunni *Stærðfræði á Íslandi 2001* á vegum Íslenska stærðfræðafélagsins, dagana 13. og 14. október 2001 í Reykholti í Borgarfirði. Viðfangsefni ráðstefnunnar var stærðfræði í sem víðustum skilningi og markmiðið var að fjalla bæði um rannsóknir og kennslu. Flestir fyrirlestranna voru þó um hagnýtta stærðfræði.

Dagskrá ráðstefnunnar var skipt í nokkra hluta með yfirskriftinni

- ★ Reiknilíkön í fiskifræði
- ★ Stærðfræði í líftækni
- ★ Stærðfræði í efnahags- og fjármálafræðum
- ★ Tölvunotkun við stærðfræðikennslu og rannsóknir
- ★ Tveir fyrirlestrar um netafræði
- ★ Ýmsir stærðfræðafyrirlestrar
- ★ Framsöguerindi og umræður um kennslumál

Samtals vor haldin 23 erindi og fyrirlestrar á ráðstefnunni.

Eftir að dagskrá lauk fyrri ráðstefnudaginn héldu Ólafur Flosason óbóleikari og Zsuzsanna Budai píanóleikari tónleika í Reykholtskirkju, þar sem þau léku íslensk og ungversk þjóðlög. Að tónleikunum loknum skoðuðu ráðstefnugestir sýninguna *Snorri og samtíð hans* og sýninguna *Áttahagatónar* með verkum Páls Guðmundssonar frá Húsafelli. Séra Geir Waage flutti erindi um báðar sýningarnar. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Reykholti þar sem Háskólakórinn söng nokkur lög undir stjórn Hákonar Leifssonar, en hann var einmitt í æfingarbúðum í Reykholti um leið og ráðstefnan var haldin.

Undirbúingsnefnd ráðstefnunnar skipuðu Eggert Briem, Kjartan G. Magússon, Kristján Jónasson, Ólafur Ísleifsson og Ragnar Sigurðsson.

Forsíðumynd þessa heftis tengist Reykholti með óbeinum hætti. Margir fræðimenn hafa leitt líkum að því að Snorri Sturluson hafi skrifað Egils sögu Skallgrímssonar í Reykholti. Myndina gerði Grazyna Klimek og nefnir hún verk sitt *Víkingurinn*, en við skulum taka okkur það bessaleyfi að gefa henni nafnið *Egill Skallagrímsson* og tengja hana þannig Reykholti.

Flöturinn sem myndin sýnir er stikaður með formúlunum

$$\begin{aligned}x(u, v) &= (u \cos(2v) + v \sin(uv) + u \sin(2u) - \cos v + u \sin^2 u) e^{0.1(u^2+v^2)}, \\y(u, v) &= (uv \sin u \cos u - 2 \sin(uv) - u \sin u \sin v \cos(2u) + u \sin(2v)(1 + \cos(2u))) e^{0.1(u^2+v^2)}, \\z(u, v) &= 4e^{0.1(u^2+v^2)},\end{aligned}$$

þar sem stikarnir uppfylla  $-2.5 \leq u \leq 2.225$  og  $-2.6 \leq v \leq 2.6$ . Það er gaman að sjá hvernig þessi tiltölulega einfalda formúla öðlast nýja merkingu þegar hún er hefur fengið réttan myndrænan búning. Myndin er fyrst teiknuð með táknreiknikerfinu `Maple` og unnin áfram með grafísku hönnunarforriti.

Eggert Briem

Ragnar Sigurðsson

Sven Þ. Sigurðsson